

Aðalfundur foreldrafélags Grunnskóla Grindavíkur

20. nóvember 2007 kl 20:00

Haldinn á sal skólans, rúmlega 60 manns mættir.

1. Hrafnhildur Harpa Skúladóttir (Harpa) formaður félagsins setur fundinn og býður fólk velkomið. Fundarstjóri kjörinn Stefanía Jónsdóttir (Sirrý) og það samþykkt með lófaklappi
2. Petra Rós Ólafsdóttir las skýrslu stjórnar og stiklaði á stóru hvað gert hafði verið frá síðasta aðalfundi. Skýrslan samþykkt samhljóða.
3. Ragnheiður Þóra Ólafsdóttir gjaldkeri félagsins las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða.
4. Stjórnarkjör. Elísabet Karlsdóttir og Halla Káradóttir ætla út úr stjórn. Fólki leyft að hugsa sig um og þessi liður því geymdur þangað til eftir kaffihlé.
5. Gjöf til skólans. Harpa formaður færði Grunnskólanum gjöf frá Foreldrafélaginu. 2 fönurvagna frá Barnasmiðjunni. Gunnlaugur skólastjóri tók á móti gjöfinni fyrir hönd skólans.
6. Foreldraráð. Arna Björnsdóttir formaður ráðsins fór yfir hlutverk ráðsins og starfssvið.
7. Gunnlaugur skólastjóri fékk orðið alveg "óvænt" og stiklaði aðeins á málum sem varða skólakrakka í Grindavík eins og t.d. íþróttamál, nýjan skóla, hádegismatinn í skólanum og fleira. Ræddi einnig um það mikla aðhald sem foreldrar geta haft og um að gera að nýta það.
8. Önnur mál :
 - a) Ragnheiður Þóra kom með hugmynd um að banna bekkjaskemmtanir í desember og maí vegna mikilla anna þessa mánuði. Fundurinn vildi ekki banna það, en að það mætti alveg mæla til þess að ekki séu haldnar bekkjaskemmtanir í þessum mánuðum.

KAFFIHLÉ

9. Hrund Scheving forstöðukona Þrumunnar fór yfir starfsemi Þrumunnar og hvað þar væri framundan. Miklar umræður um framhaldið hvað varðar aðstöðu, starfsmannahald og fleira. Ákveðið að senda ályktun af fundinum til bæjarins. Svona óvissa er ekki boðleg.
10. Forvarnarverkefnið Lundur. Erlingur Jónsson kom og hélt fyrirlestur um þetta átak og Lund. Með honum komu 2 ungmenni, Jón Grétar og Kleópatra, sem sögðu sögu sína í baráttunni við eiturlýfin. Mjög góður fyrirlestur og vakning til foreldra að vera ávallt vakandi.
11. Stjórnarkjör. Hjördís Guðmundsdóttir bauð sig fram en aðrir fundarmenn tregir svo þetta var sett í hendurnar á stjórninni að vinna úr þessu með þennan eina sem vantar.
12. Sirrý fundarstjóri sagði í lokin að eftir umræðurnar á þessum fundi um Þrumuna, skólamatinn og fleira hvað Grindavík væri aftarlega á merinni og seinir að koma öllu svona í gang. En þá kom Ágústa Inga Sigurgeirsdóttir inn á það að það mætti nú alltaf gera betur en það mætti líka hrósa bænum fyrir þegar vel er gert eins og með frí æfingagjöld hjá öllum íþróttadeildum fyrir grunnskólabörn.
13. Fyrirspurnir til Erlings, Jóns Grétars og Kleópötru. Margt spurt og vel svarað fyrir.
14. Harpa las upp ályktun sem hafði verið sett saman af fundarmanni vegna Þrumunnar og var hún samþykkt samhljóða af fundarmönnum.
15. Sirrý slífur fundi kl 22:20.

Fundarritari

Petra Rós Ólafsdóttir